



Borgarráð  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
101 Reykjavík

***Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi skort á dagforelderum - R19060056***

Á fundi borgarráð 6. júní 2019 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi skort á dagforeldrum.

**Fyrirspurn:**

Hvað ætla borgarmeirihlutinn að gera til að leysa dagforeldraskortinn næsta vetur? Foreldrar eru jafnvel nýbúnir að uppgötva að þau eigi von á barni þegar kapphlaupið hefst um að tryggja barninu pláss hjá dagforeldri eða á ungbarnaleikskóla til þess að foreldrar eigi þess kost að komast aftur út á vinnumarkað. Eftirspurn eftir dagforeldrum í Reykjavík er langt umfram framboð. Dagforeldri tekur yfirleitt við barni frá 9 mánaða aldri en börn komast venjulega ekki inn á leikskóla fyrr en um 18 mánaða aldur og mörg þeirra ekki fyrr en um tveggja ára aldur. Margir foreldrar velja síðan að vera lengur en 9 mánuði heima með barni sínu. Það verður þess vegna að tryggja barninu pláss um leið og það fæðist og byrja að greiða fyrir það þegar barnið er 9 mánaða án tillits til þess hvort barnið notar plássið þá eða nokkrum mánuðum síðar. Það er ljóst að langt er í að bilið milli ungbarnaleikskóla og leikskóla verði brúað. Hvað ætla borgaryfirvöld að gera á meðan til að leysa þennan vanda?

**Svar:**

Unnið hefur verið markvisst að málefnum yngstu barna í Reykjavík. Starfshópur var skipaður 2018 með það að markmiði vinna að endurskoðun, þróun og breytingu á dagforeldrakerfinu. Skýrslu var skilaði í maí 2018. Tillögur sem samþykktar voru af skóla- og frístundaráði og borgarráði miða að því að bæta starfsumhverfi dagforeldra og auka öryggi barna og standa vonir til þess að samþykktirnar laði fleiri til starfa við daggæslu barna.

Til að stuðla að fjölgun dagforeldra var m.a. samþykkt að greiða stofnstyrk að upphæð 300.000 kr. til nýrra dagforeldra auk þess sem Reykjavíkurborg mun greiða helming grunnnámskeiðs fyrir verðandi dagforeldra en námskeiðið er forsenda þess að fá starfsleyfi sem dagforeldri.

Reykjavíkurborg mun einnig greiða fyrir endurnýjun á slysavarnar- og eldvarnarnámskeið á fjögurra ára fresti.

Samþykkt var að innleiða ytra mat á daggæslu sem byggi á gæðaviðmiðum sem unnin voru í samráði við félög dagforeldra á árunum 2015-2016. Nú þegar hefur verið metið starf hjá nokkrum dagforeldrum. Með ytra matinu skapast m.a. auknir möguleikar fyrir dagforeldra til að koma gæðum starfs síns á framfæri við foreldra og almenning.

Reykjavíkurborg mun gera að kröfu að dagforeldrar séu með öryggishnapp tengdan þjónustuborði á öryggismiðstöð. Byrjað verður á þeim dagforeldrum er starfa einir. Útboð vegna þessa fer í gang í haust.

Í skýrslu starfshóps um Brúum bilið kemur fram að stefnt skuli að opnum sjö nýrra ungbarnadeilda á ári og verði ungbarnadeild í framtíðinni starfrækt við alla leikskóla Reykjavíkurborgar, sem hafa að geyma fjórar deildir eða fleiri. Það á við um 46 leikskóla borgarinnar og er stefnt að því að þeir verði allir búin sérstakri ungbarnadeild fyrir árslok 2023. Ungbarnadeildir eru nú frá hausti 2019 orðnar 21 deild í 17 leikskólum. Auk þessa hefur leikskólaplássum verið fjölgæð með viðbótarhúsnæði við fjóra leikskóla og fyrirhugaðar eru stækkanir við skóla á næstu misserum. Á haustdögum mun leikskólarýmum fjölga í Dalskóla, samhliða því að grunnskólabygging verður tekin í notkun. Gert er ráð fyrir um 100 börnum í leikskólahluta nýbyggingar Dalskóla og verða þau tekin inn í einhverjum áföngum fram eftir vetri.

Að lokum hafa nokkrir sjálfstætt starfandi leikskólar nýlega fjölgæð plássum og fylgst er með áformum þeirra um frekari stækkanir eða fjölgun barna.

Með ofangreindum aðgerðum eru stigin skref í að tryggja börnum pláss annaðhvort í leikskólum eða hjá dagforeldrum.

Virðingarfyllst

INGIBJÖRG M. GUNNLÄUGSDÓTTIR  
Ingibjörg Margrét Gunnlaugsdóttir  
skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála